

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1945.

Auglýsing um viðskiptasamning, er gerður var í Stokkhólmi hinn 7. apríl 1945 milli Íslands og Svíþjóðar, undirskrifuð af utanríkisráðherra 3. september 1945, nr. 85.

Auglýsing um loftflutninga milli Íslands og Svíþjóðar, undirskrifuð af utanríkisráðherra 12. september 1945, nr. 86.

Forsetabréf um að reglulegt Alþingi 1945 skuli koma saman til fundar mánuðaginn 1. október 1945, undirskrifuð af forsetanum 13. september 1945, nr. 84.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 48 23. febrúar 1945, um skipakaup ríkisins, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 87.

Lög um viðauka við lög nr. 45 13. júní 1937, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi, undirskrifuð af forsetanum 22. október 1945, nr. 83.

Lög um breyting á lögum nr. 1 16. janúar 1943, um innflutning og gjald-eyrismeðferð, undirskrifuð af forsetanum 7. nóvember 1945, nr. 88.

Auglýsing um að Ísland hafi staðfest sáttmálann um stofnun hjálpar- og endurreisnarstofnunar hinna sameinuðu þjóða (UNRRA), undirskrifuð af utanríkisráðherra 10. nóvember 1945, nr. 92.

Auglýsing um að Ísland hafi staðfest bráðabirgðasamkomulag um alþjóðaflug, er gert var á alþjóðaflugmálaráðstefnunni í Chicago í nóvember og desember 1944, undirskrifuð af utanríkisráðherra sama dag, nr. 93.

Auglýsing um að Ísland hafi staðfest alþjóðasamkomulag um viðkomuréttindi flugfara og alþjóðasamkomulag um loftflutninga, er gert var á alþjóðaflugmálaráðstefnunni í Chicago í nóvember og desember 1944, undirskrifuð af utanríkisráðherra sama dag, nr. 94.

Lög um heimild fyrir Sláturfélag Skagfirðinga til að innkalla stofnbréf sín, undirskrifuð af forsetanum 23. nóvember 1945, nr. 89.

Lög um kaup á nýjum strandferðaskipum, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 90.

Lög um innflutning og gjaldeyrismeðferð, undirskrifuð af forsetanum 30. nóvember 1945, nr. 91.

Lög um breyting á lögum nr. 39 7. apríl 1943, um húsaleigu, undirskrifuð af forsetanum 12. desember 1945, nr. 95.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Búðahreppi landspildu úr Kjappeyrarlandi, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 96.

Lög um breyting á lögum nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 97.

Lög um breyting á jarðræktarlögum, nr. 54 4. júlí 1942, undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 98.

REGLUGERÐ

176

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Hólmavíkirkauptún, nr. 21 8. apríl 1937. ^{8/8 '44}

1. gr.

Hvarvetna, þar sem orðið „Hrófbergshreppur“ stendur í hafnarreglugerðinni, komi í stað þess orðið: Hólmavíkurhreppur.

2. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerðinni hætti um 150%.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 76 14. nóvember 1917,

176 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut ^{3/8} '44 eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 3. ágúst 1944.

Vilhjálmur Þór.

Gunnl. E. Briem.

177 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð séra Sigurðar Z. Gíslasonar“, útgefin á venjulegan hátt að mandatun af dómsmálaráðherra 4. ágúst 1945.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð séra Sigurðar Z. Gíslasonar.

1. gr.

Sjóður þessi er stofnaður til minningar um séra Sigurð Z. Gíslason, prest á Þingeyri í Dýrafirði, er fórst í snjóflóði á leið til útkirkju sinnar að Hrauni á nýársdag 1943.

Stofnfé sjóðsins er 3000 krónur, lagðar fram af nánustu ættingjum hins látna.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja og efla kristindóminn í landinu, meðal annars með því að veita námsstyrk fátækum en efnilegum guðfræðinimum við Háskóla Íslands, og skulu nemendur úr Sandaprestakalli í Dýrafirði og úr Hofsprestakalli í Vopnafirði ganga fyrir um styrk.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru, auk vaxta af höfuðstól, hvers konar gjafir og áheiti, er sjóðnum kunna að áskotnast.

4. gr.

Sjóðurinn skal vera í umsjá biskupsins yfir Íslandi, er ávaxtar fé hans í Landsbanka Íslands eða í rikisskuldabréfum.

5. gr.

Úthluta skal árlega $\frac{2}{3}$ af vöxtum sjóðsins, en $\frac{1}{3}$ vaxta leggst við höfuðstól, unz sjóðurinn er orðinn 100 þúsund krónur. Eftir þann tíma má úthluta öllum vöxtunum, en aldrei skerða höfuðstólinn. Styrk skal jafnan úthluta þann 1. janúar, og annast biskupinn þá úthlutun að fengnum tillögum kennara guðfræðideildar háskólans. Nemi fé það, er úthluta skal, meiru en kr. 1500.00, er biskupi heimilt að verja því, sem um fram er, til styrktar kristindómi í landinu á þann veg, er hann telur bezt til fallið.

6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Fyrir hönd ættingjanna

Sigurgeir Sigurðsson.